



# Minnisblað

Dags.: 2023-11-10

**Frá:** Ragnar Guðmundsson  
**Dreifing:** Sveitarstjórn

## Efni: Tillaga að gjaldskrárbreytingu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps

Gjaldskrár hitaveitna í einkaleyfisrekstri lúta að reglum 947/215<sup>1</sup> um staðfestingu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Greina þarf fyrir ástæðum á breytingum á gjaldskrá til Orkustofnunar sem veitir í kjölfarið umsögn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þetta ferli tekur töluverðan tíma og því mikilvægt að taka breytingar á gjaldskrá hitaveitunnar fyrir tímanlega svo hún geti tekið gildi um áramót.

Í töflu 1 má sjá gjaldskrár jaðarveitna í og í grennd við sveitarfélagið bornar saman við gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Tekjur veitunnar koma um 60% frá notendum með hemla og 40% frá notendum með mæla ef frá er talin notkun Sundlaugarinnar á Borg.

Tafla 1: Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, Veitna, Bláskógaveitna og Selfossveitna. Allar tölur án vsk.

Gjaldliður	GOGG	Bláskógaveita	Veitur	Selfossveitur
Hemill DN 15	3.340	3.437	4.206	3.556
Fast gjald	1.520	1.363	-	2.364
Mælir notkun (m <sup>3</sup> )	151,7	127,6	224,6	153,7
Mælir fast gjald	1.520	1.363	1.931	1.682
Tengigjald	811.647	824.449	798.748	887.228

Tafla 2: Tekjur af hemlatengingu vegna lágmarksstillingu upp á 3 l/mínútu ásamt hlutfallslegum mismun m.v. Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Einnig er borin saman rúmmetragjald hitaveitnanna. Allar tölur án vsk.

Veituaðili	Tekjur vegna hemla 3 l/m	Mismunur	Rúmmetragjald	Mismunur
Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps	138.480 kr		152 kr	
Bláskógaveita	140.087 kr	1,16%	128 kr	-15,89%
Veitur	151.413 kr	9,34%	225 kr	48,06%
Selfossveitur	156.377 kr	12,92%	154 kr	1,32%

Miklar framkvæmdir eru framundan hjá Hitaveitunni á næsta ári til að auka framboð af heitu vatni á veitusvæði Hitaveitunnar. Veitusvæðið er víðfemt og lagnaleiðir langar og mikil landhækkun er frá borholum að helstu veitusvæðum sem gerir rekstur dýran vegna mikils dælukostnaðar. Hitaveitur á landinu hafa almennt ekki haft bolmagn til að leita að nýjum vinnslusvæðum og tekjur af sölu vatns ekki staðið undir rannsóknum og borunum. Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps skilaði stöðugu

<sup>1</sup> [Nr. 947/2015](#)



tapi til ársins 2020 en rekstur veitunnar hefur batnað síðan þá. Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps stefnir á borun nýrrar vinnsluholu á árinu 2024 ásamt virkjun holunnar í lok árs 2024. Ljóst er að kostnaður við slíka framkvæmd hleypur á mörgum tugum milljóna.

Undirritaður leggur til að gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps hækki um 10% fyrir notkun á hemli, mæli og mælagjaldi. Ekki verði hækkun á tengigjöldum.

*Verðskrá:*

*A. Hemlagjald (varmagjald):*

*Fyrir sumarbústaði, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mín. Hemlagjald fyrir hvern mínútulíttra er kr. 3.674.*

*B. Rúmmetragjald skv. mæli:*

*Fyrir almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 16,90.*

*Fyrir sumarbústað sem er með mæli og greitt er skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða fyrir minna en 3,0 l/mínútu eða kr. 11.022 á mánuði, sbr. A-lið.*

*Mælagjald á mánuði:*

*B1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.672 kr.*

*B2 Stærð mælis/hemils DN 20 2.391 kr.*

*B3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.954 kr.*

*B4 Stærð mælis/hemils DN 32 3.524 kr.*

*B5 Stærð mælis/hemils DN 40 4.092 kr.*

*B6 Stærð mælis/hemils DN 50 5.600 kr.*

*C. Stofngjöld:*

*Í þéttbýli sér sveitarfélagið um frágang heimæða að mæli.*

*C1 Íbúðarhús allt að 300 m<sup>3</sup> og gróðurhús allt að 200 m<sup>3</sup> kr. 811.647*

*Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða 309 kr./m<sup>3</sup>*

*C2 Vélageymslur og gripahús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 471.809*

*Fyrir hvern rúmmetra fermetra þar yfir skal greiða 309 kr./m<sup>3</sup>*

*C3 Fyrir sumarhús*

*Stofngjald fyrir húsveitu kr. 811.647*

*C4 Gjald fyrir auka mælagrind kr. 121.126*

*Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 6.077 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.*



*D. Önnur gjöld:*

*Lokunargjald kr. 22.757*

*Aukaálestur kr. 10.709*

*Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði  
kr. 18.566 án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.*

*Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli*

*Ragnar Guðmundsson*

*Umsjónarmaður framkvæmda- og veitna*